

## **Frá stjórn Félags framhaldsskólakennara og kjörstjórn FF.**

### **Bréf til trúnaðarmanna og formanna félagsdeilda Félags framhaldsskólakennara í framhaldsskólum.**

*Efni: Fulltrúakjör félagsdeilda FF í framhaldsskólum á þing Kennarasambands Íslands 10. - 13. apríl 2018 og á aðalfund Félags framhaldsskólakennara 26. - 27. apríl 2018.*

Stjórn Félags framhaldsskólakennara og kjörstjórn FF beina því til trúnaðarmanna og formanna félagsdeilda í framhaldsskólum að þeir gangist fyrir neðangreindu í samráði við sínar stjórnir:

- 1. Kosningu fulltrúa félagsdeilda á aðalfund FF 2018 sbr. 7. og 9. gr. laga FF.**
- 2. Kosningu fulltrúa félagsdeilda á þing KÍ 2018 sbr. 14. gr. laga KÍ.**

#### **Þing KÍ**

Efni 16. gr. laga KÍ liggur til grundvallar fjölda fulltrúa aðildarféлага KÍ á þingi KÍ. Hefur kjörstjórn KÍ úrskurðað að FF hafi 34 fulltrúa á þingi KÍ 2018 og er byggt á fjölda virkra félagsmanna FF í desember 2017. Samkvæmt efni 2. og 9. gr. laga FF er það hlutverk stjórnar FF og kjörstjórnar FF að jafna þessum fulltrúafjölda milli félagsdeildanna og að setja nánari fyrirsmáli um fulltrúakjör þeirra. Félagsdeildir FF eru 30 og á tveimur vinnustöðum til viðbótar eru 10 félagar og starfandi trúnaðarmenn. Hver af þessum skólum/vinnustöðum fær einn fulltrúa og þar að auki fá tveir fjölmennustu skólarnir annan fulltrúa. Það eru Tækniskólinn og Fjölbrotaskólinn í Breiðholti. Hver deild kýs því einn aðalfulltrúa og annan til vara á þing KÍ nema Tækniskólinn og FB sem kjósa tvo aðalfulltrúa og tvo til vara.

#### **Aðalfundur FF**

Fjöldi fulltrúa félagsdeilda á aðalfundi FF er í samræmi við ákvæði 7. greinar laga FF og er einnig byggt á fjölda virkra félagsmanna FF í desember 2017. Í 7. gr. laga FF segir: „Á aðalfundi eiga sæti og með atkvæðisrétti stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd, kjörstjórn FF, einn fulltrúi frá hverri félagsdeild með allt að 50 félagsmenn og einn fulltrúi til viðbótar fyrir hverja byrjaða 50 félagsmenn deildarinnar umfram þá tölu. Kjörtímabil þeirra er á milli reglulegra aðalfunda. Þar sem ekki er starfandi félagsdeild skulu félagsmenn FF á vinnustaðnum kjósa úr sínum hópi fulltrúa skv. nánari ákvörðun kjörstjórnar FF og stjórnar FF, sbr. 9. grein laga félagsins.“

Þetta þýðir svo að dæmi séu tekin að Tækniskólinn sem hefur 174 félagsmenn í FF kýs 4 aðalfulltrúa og 4 til vara á aðalfund FF, FS sem hefur 80 félagsmenn kýs 2 aðalfulltrúa og 2 til vara á fundinn og ME sem hefur 28 félagsmann kýs 1 aðalfulltrúa á fundinn og 1 til vara.

Bent er á að samkvæmt 9. gr. laga FF eru fulltrúar á aðalfundi FF kosnir á kjörfundum í félagsdeildum félagsins sem boða skal með tíu daga fyrirvara a.m.k. sex vikum fyrir aðalfund. Í

sömu grein segir líka að fulltrúar FF á þingi KÍ skulu líka kosnir á kjörfundum í félagsdeildum félagsins.

Boða skal til kjörfundar í félagsdeild um kosningu fulltrúa á aðalfund FF og á þing KÍ. Allar deildir þurfa að kjósa jafnmarga varafulltrúa á aðalfundinn og á þingið og aðalfulltrúar þeirra eru. Um varafulltrúa á aðalfundi FF gildir að hann tekur sæti aðalfulltrúa forfallist hann. Um varafulltrúa FF á þingi KÍ gildir í meginatriðum sama regla en þó áskilja stjórn FF og kjörstjórn FF sér rétt til að breyta frá þeirri reglu þyki brýnar ástæður liggja til þess, t.d. vegna þess að skjótt þurfi að manna þingsæti.

Mælt er með að fulltrúar félagsdeilda á aðalfundi FF séu jafnframt fulltrúar FF á þingi KÍ. Rök eru m.a. að aðalfundur FF mótar stefnu um starfsemi félagsins og tekur afstöðu til atriða sem varða stefnu og starf KÍ og starf FF í sambandinu. Hlutverk þingfulltrúa FF er að bera þá stefnu fram og fylgja aðalfundarmálum FF eftir á þingi KÍ eftir því sem við á.

Trúnaðarmenn og formenn eru beðnir að boða í samráði við sínar stjórnir til kjörfunda í sínum deildum til að kjósa fulltrúa á aðalfund FF og á þing KÍ 2018. **Þarf kosningu fulltrúa að vera lokið eigi síðar en 17. febrúar nk. og tilkynning um þá að berast samdægurs á slóðirnar:**

**Fyrir þing KÍ:** [Skráning fulltrúa á Þing KÍ 10.-13. apríl 2018](#)

**Fyrir aðalfund FF:** [Skráning fulltrúa á aðalfund FF 26.-27. apríl 2018](#)

Athugið að ef fulltrúar eru fleiri en einn þarf að fara aftur inn í skráningaformið.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram fyrir hvern fulltrúa og varamenn:  
Nafn, kennitala, heimili, póstnúmer og staður, skóli/vinnustaður, sími og netfang.

**Trúnaðarmenn og formenn eru beðnir að bregðast skjótt og vel við þessu erindi fyrir 17. febrúar.**

Með félagskveðju og þakklæti fyrir að liðsinna okkur í þessu máli.

*F.h. stjórnar FF*  
Guðríður Arnardóttir formaður

*F.h. kjörstjórnar FF*  
Lóa Steinunn Kristjánsdóttir  
Halldís Ármannsdóttir  
Kristján Kristjánsson

Miðað við fjölda virkra félagsmanna í FF í desember 2017 er fjöldi kjörinna þingfulltrúa fyrir hverja félagsdeild/stofnun sem hér segir:

	<b>Stofnun</b>	<b>Fjöldi félaga í FF</b>	<b>Fjöldi fulltrúa á þing KÍ</b>	<b>Fjöldi fulltrúa á Aðalfund FF</b>
1	Borgarhólsskóli	97	1	2
2	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	35	1	1
3	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	16	1	1
4	Fjölbrautaskóli Suðurlands	80	1	2
5	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	64	1	2
6	Fjölbrautaskóli Vesturlands	41	1	1
7	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	107	2	3
8	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	54	1	2
9	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	71	1	2
10	Fjölmennt	15	1	1
11	Flensborg	61	1	2
12	Framhaldsskólinn á Húsavík	10	1	1
13	Framhaldsskólinn á Laugum	13	1	1
14	Framhaldsskólinni Austur Skaftafellssýslu	15	1	1
15	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	31	1	1
16	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	21	1	1
17	Kvennaskólinn í Reykjavík	49	1	1
18	Menntamálastofnun	14	1	1
19	Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.	14	1	1
20	Menntaskólinn að Laugarvatni	18	1	1
21	Menntaskólinn á Akureyri	60	1	2
22	Menntaskólinn á Egilsstöðum	28	1	1
23	Menntaskólinn á Ísafirði	27	1	1
24	Menntaskólinn á Tröllaskaga	13	1	1
25	Menntaskólinn í Kópavogi	76	1	2
26	Menntaskólinn í Reykjavík	71	1	2
27	Menntaskólinn við Hamrahlíð	82	1	2
28	Menntaskólinn við Sund	57	1	2
29	Tækniskólinn ehf.	174	2	4
30	Verkmenntaskóli Austurlands	20	1	1
31	Verkmenntaskólinn á Akureyri	104	1	3
32	Verzlunarskóli Íslands	86	1	2
		<b>1624</b>	<b>34</b>	<b>51</b>

**Hér eru þær greinar úr lögum FF og lögum KÍ sem liggja til grundvallar kosningum á aðalfund FF og á þing KÍ.**

## **LÖG KÍ**

### *Um boðun, tíðni og vald þinga*

#### **16. gr.**

Þing hefur æðsta vald í málum Kennarasambands Íslands, sbr. þó 33. gr. Halda skal þing KÍ fjórða hvert ár.

Á þinginu eiga sæti með atkvæðisrétti stjórn KÍ, varaformenn aðildarfélaganna og einn fulltrúi fyrir hverja 50 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu sem umfram kann að vera. Skulu þeir kosnir af aðildarfélögum, skv. reglum þeirra og er kjörtímabil þeirra milli reglulegra þinga. Auk þess skal Félag kennara á eftirlaunum tilnefna fimm fulltrúa á þingið.

Formenn Orlofssjóðs, Sjúkrasjóðs, Vinnudeilusjóðs, kjörstjórnar, framboðsnefndar, jafnréttisnefndar, vinnuumhverfisnefndar, siðaráðs og formenn annarra starfandi nefnda á vegum KÍ sem skipaðar eru samkvæmt ákvörðun þings svo og formenn skólamálanefnda aðildarfélaganna skulu eiga seturétt á þingi með málfrelsi og tillögurétti. Hið sama gildir um starfsmenn KÍ.

Stjórn ákveður fundarstað og fundartíma. Þing skal boðað með a.m.k. 10 vikna fyrirvara. Tillögur til umfjöllunar á þingi þurfa að berast stjórn eigi síðar en 6 vikum fyrir þing, sbr. þó ákvæði 36. gr. um lagabreytingar. Þinggögn skulu send út með þriggja vikna fyrirvara. Félagsmenn eiga rétt á að sækja þing til áheyrnar.

Heimilt er stjórn að boða til aukþings um sérstök mikilvæg málefni. Skal aukþing boðað með dagskrá með fjögurra vikna fyrirvara.

Kostnaður vegna þings KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

## **LÖG FF**

### *Aðalfundur*

#### **7. gr.**

Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara skal haldinn fjórða hvert ár. Halda skal aðalfund félagsins innan sex mánaða fyrir eða eftir þing Kennarasambands Íslands. Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins, sbr. þó 24. gr. þessara laga.

Á aðalfundi eiga sæti og með atkvæðisrétti stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd, kjörstjórn FF, einn fulltrúi frá hverri félagsdeild með allt að 50 félagsmenn og einn fulltrúi til viðbótar fyrir hverja byrjaða 50 félagsmenn deildarinnar umfram þá tölu. Kjörtímabil þeirra er á milli reglulegra aðalfunda. Þar sem ekki er starfandi félagsdeild skulu félagsmenn FF á vinnustaðnum kjósa úr sínum hópi fulltrúa skv. nánari ákvörðun kjörstjórnar FF og stjórnar FF, sbr. 9. grein laga félagsins.

Til aðalfundar skal boðað bréflaga með a.m.k. 6 vikna fyrirvara. Tillögur til umfjöllunar á aðalfundi þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund, sbr. þó 25. gr. laga félagsins. Aðalfundargögn skulu send út með minnst þriggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Aðalfundur félagsins er opinn öllum félagsmönnum.

### ***Kosning fulltrúa á aðalfund félagsins og á þing Kennarasambands Íslands***

#### ***9. gr.***

Fulltrúar á aðalfund félagsins skulu kosnir á kjörfundum í félagsdeildum FF sem boðaðir eru með minnst 10 daga fyrirvara a.m.k. 6 vikum fyrir aðalfund, sbr. þó 7. grein laga félagsins.

Fulltrúar á þing Kennarasambands Íslands skulu kosnir á kjörfundum í félagsdeildum FF samkvæmt nánari fyrirmælum kjörstjórnar KÍ, stjórnar og kjörstjórnar Félags framhaldsskólakennara. Þar sem ekki er starfandi félagsdeild skulu félagsmenn FF á vinnustaðnum kjósa úr sínum hópi fulltrúa skv. nánari ákvörðun kjörstjórnar FF og stjórnar FF.